

# MARKAÐUR FYRIR HÁGÆÐA LAMBAKJÖT Í EVRÓPU

|07. ágúst 2015.

Um 80 milljónir fjár eru í ríkjum Evrópusambandsins og lambakjötsneyslan þar er nálægt milljón tonnum á ári. Sambandið er þó langt frá því að vera sjálfu sér nægt um lambakjöt. Ríki þess flytja inn rúmlega 200.000 tonn, sem er fimmtungur neyslunnar, en árleg framleiðsla dillakjöts er tæplega 800.000 tonn. Helstu framleiðsluríkin eru Bretland (þar sem Skotland er í broddi fylkingar), Spánn, Grikkland og Frakkland. Þessi fjögur lönd eru með um 2/3 framleiðslunnar. Rúmenía, Írland, Þýskaland og Ítalía framleiða saman um fimmtung lambakjötsins í sambandinu en hin ESB ríkin minna.



Ef þetta er sett í samhengi við framleiðsluna á Íslandi, þá eru sláturdýr hér innan við 600 þúsund og heildarframleiðslan tæp 10 þúsund tonn. Þar af eru um 6.700 tonn seld innanlands og um 2.800 tonn flutt út. Sé farið í samanburð í hina áttina, þá voru árið 2011 um 100 milljónir fjár í Ástralíu og Nýja-Sjálandi. Þessar þjóðir eru líka langstærstu útflytjendur kindakjöts í veröldinni.

Árlega eru innan við 10% framleiðslunnar í Evrópu flutt út, einkum til Miðausturlanda og nú í auknum mæli til Austurlanda fjær. Ætla má að þar sé fyrst og fremst um innmat og ódýrari bita að ræða. Þrátt fyrir vaxandi eftirspurn í Kína og nokkuð stöðugan innflutning til Bandaríkjanna, kaupir enginn í veröldinni meira lambakjöt en Evrópusambandið, einkum frá Ástralíu og Nýja Sjálandi.

Tegundir sauðfjár í heiminum skipta hundruðum og fé er alið að einhverju marki í flestum ríkjum heims. Almennt eru innflutningstollar á lambakjöti á milli ríkja. Þá á hins vegar ekki við um innri markað Evrópusambandsins. Alls kyns innflutningskvótar opna þó glufur á tollamúrana og nokkur ríki hafa sérstakan tollkvótaaðgang að markaðnum í Evrópu. Þetta eru Argentína, Ástralía, Nýja Sjáland, Úrúgvæ, Síle, Tyrkland, Grænland, Noregur, Færeyjar og Ísland. Fæst þessara ríkja nýta þó innflutningskvóta sína til fulls.

Stóra ástæðan fyrir velgengni Ástrala og Nýsjálandinga í sauðfjárrækt og útflytningi er líklega sú að landgæði og skipulag framleiðslunnar gera það að verkum að framleiðslukostnaður er lágur. Þessar þjóðir sjá því til þess að á heimsmarkaðnum sé ávallt nokkuð stöðugt framboð af ódýru lambakjöti. En markaðssetning skiptir líka miklu máli. Þeim hefur tekist að skapa sér nafn sem lambakjötsframleiðendur sem eru með afurðir af þokkalegum gæðum.




Samkeppni við stóru framleiðsluríkin í Eyjaálfu getur verið erfið fyrir okkur Íslendinga. Þó getum við lært margt af þeim, t.d. varðandi samvinnu og samstillta markaðssetningu. Sú staðreynd að tvær þjóðir séu svona yfirgnæfandi stórar á heimsmarkaði skapar líka alls kyns tækifæri. Víða í Evrópu og Bandaríkjunum gengur ágætlega að selja staðbundna framleiðslu. Að auki hafa framleiðendur sums staðar skapað sér sérstöðu fyrir gæði, hreinleika og náttúrulegar ræktunaraðferðir.

Gott dæmi um slíkt er írski Connemara Hill lambið sem alið er á samnefndu svæði í fjalllendi á vestanverðu Írlandi. Framleiðslan er lítil en bændurnir hafa sameinast um markaðssetningu og leitað uppi markaðssyllur þar sem eru gerðar miklar kröfur en endurgjaldið um leið sanngjarnt. Þetta hefur tekist með ágætum og kílóverð á Connemara fjallalambi er oft á tíðum tvöfalt það sem fæst fyrir algengara írski láglandislambið.



Eins og fram hefur komið er afurðaverð til íslenskra bænda lægra en í Evrópu og eins fá íslenskir bændur lægra hlutfall af endanlegu söluverði í sinn vasa en kollegar þeirra ytra. Íslenskir sauðfjárændur hafa krafist þess að meiri sanngirni sé viðhöfð í þessum viðskiptum hér innanlands. En bændur þurfa líka að vinna að því með afurðarstöðvum að finna nýja, spennandi og kröfuharða markaði. Þá mætti horfa til bændanna í Connemara sem gera mikið úr bragðgæðum, hreinleika og uppruna vestur-írski fjallalambins. Allt þetta hefur íslenska lambið í enn ríkara mæli en það írski.

## Milliliðir taka mest



Fjallalambið sem bændurnir í Connemara hafa markaðssett með svo góðum árangri er í raun skoskt. Þeir auglýsa samt með stolti að það sé einstakt, þeir hafi ræktað það í einangrun í grösugu fjalllendinu síðan á nítjándu öld. Þannig hafa þeir fundið sér markaðshillu og selja kjöt til þeirra sem vilja góðan, hreinan og hollan mat – eitthvað sem einstakt og upprunalegt. Slíkar markaðshillur eru margar út um alla Evrópu og flest bendir til þess að þeim fjölgi og þær stækki, með aukinni vitund neytenda um gæði, hreinleika og uppruna. En allt sem fær fólk til að kaupa írsku Connemara lambið á einnig við um íslenska fjallalambið ... og gott betur. Okkar þjóðarrétt getum við kinnroðalaust rakið aftur til ársins 874.



# SAUÐFJÁRBÆNDUR VILJA SANNGJARNT VERÐ

31. júlí 2015.



Sala á íslensku lambakjöti hefur verið góð að undanfögnu og síðustu tólf mánuði, frá 1. júlí að telja, hefur verið 6% söluaukning frá sama tímabili árið á undan. Salan hefur aukist jöfnum skrefum síðustu ár eins og meðfylgjandi graf ber með sér. Sameiginlegt markaðsstarf bænda og afurðarstöðva, stöðugt framboð, aukinn ferðamannastraumur og vakning hjá íslenskum neytendum um gæði og hollustu íslenska lambakjötsins hafa skipt þar sköpum. Allt bendir til þess að þjóðarrétturinn lambakjöt sé í sókn.




Myndin sýnir sölu á kindakjöti í þúsundum tonna. Um 400 tonnum meira seldist sl. 12 mánuði frá 1. júlí 2015 að telja en sl. 12 mánuði frá 1. júlí 2014 að telja.

## Mun hærra verð til bænda í Evrópu

Afurðaverð til íslenskra sauðfjárbænda er með því allra lægsta í Evrópu. Oft munar tugum prósentna. Franskir bændur fá t.a.m. um 60% hærra verð en þeir íslensku. Eftirfarandi listi sýnir kílóverð á lambakjöti til bænda í nokkrum Evrópulöndum í íslenskum krónum.

## Mun hærra verð til bænda í Evrópu

Eftirfarandi listi sýnir kílóverð á lambkjöti til bænda í nokkrum Evrópulöndum í íslenskum krónum:



Á myndinni er sýnt meðalverð í fyrra sem var 604 kr. pr. kg til íslenskra bænda. Allar tölurnar sýna verð til bænda án opinberra styrkja.

### Milliliðir fá tvöfalt meira en bændur

Hærra verð til bænda í Evrópu þýðir hins vegar ekki að verð til neytenda sé nauðsynlega hærra. Bændur í Evrópu fá einfaldlega stærri hluta af útsöluverðinu til sín. Í Bretlandi fá bændur t.d. á milli 50% og 60% af endanlegu útsöluverði í sinn hlut.

## Milliliðir taka mest

### Dæmi 1. Ófrosinn lambahryggur



Virðisaukaskattur 11%	kr. 212
Milliliðir	kr. 1.320
Bóndi	kr. 604
Smásöluverð m/vsk	kr. 2.136

### Dæmi 2. Ófrosið lambalæri



Virðisaukaskattur 11%	kr. 179
Milliliðir	kr. 1.024
Bóndi	kr. 604
Smásöluverð m/vsk	kr. 1.807

Í dæmi 1 er miðað við meðalverð til bænda 2014 (604 kr. kg) og verðmælingu Hagstofu Íslands á lambahrygg (2.136 kr. kg). Í dæmi 2 er er miðað við meðalverð til bænda 2014 (604 kr. kg) og verð á ófrosnu og ókrydduð lambalæri úr verðkönnun Landssamtaka sauðfjábænda.

Algennt er að íslenskir bændur fái sem nemur á bilinu 25% til 41% af endanlegu útsöluverði. Þegar tekið hefur verið tillit til 11% virðisaukaskatts þýðir þetta að milliliðir, sláturhús, kjötvinnslur og verslanir taka á bilinu 49% til 65% af endanlegu útsöluverði á lambakjöti til sín. Í einstaka tilfellum fá bændur ekki nema um tíunda hluta af smásöluverði sauðfjárafurða.

Hér er ekki verið að fjalla um kryddaða eða unna vöru. Landssamtök sauðfjárbænda gerðu verðkönnun í sex verslunum á höfuðborgarsvæðinu miðvikudaginn 27. júlí. Þetta voru Hagkaup, Bónus, Nettó, Krónan, Víðir og Melabúðin. Kannað var verð á ófrosnum lærum og hryggjum. Samkvæmt henni var meðalkilóverð á lambalæri 1.807 kr. kg. Landssamtök sauðfjárbænda telja það varla geta talist sanngjörn viðskipti að milliliðir, sem sumir hverjir skila milljarða hagnaði, taki til sín svo stóran hluta af verðinu. Þetta fyrirkomulag er hvorki neytendum né bændum til hagsbóta.

## **Sanngjörn viðskipti**

Sauðfjárbúskapur er hryggjastykkið í búsetu, atvinnulífi og menningu í hinum dreifðu byggðum. Sanngjarnt endurgjald fyrir vinnu er forsenda þess að búskapurinn blómstri. Síðasta hálf árið hefur launavístala hækkað um rúm 9% og almennt verðlag um rúm 5%. Íslensk sauðfjárþú eru fjölskyldufyrirtæki og verð á afurðum hefur bein áhrif á laun bænda. Sauðfjárbændur telja eðlilegt að þeir fái sannvirði fyrir framleiðslu sína og telja sanngjarnt að raunlaun þeirra fylgi almennri launaþróun í landinu.

## **Verð til bænda er fjórðungi of lágt**

Verðmyndun á kindakjöti á Íslandi er flókin. Grunnverð í algengasta flokki (R3) sem bændum er boðið fyrir komandi haustslátrun samkvæmt útgefnum verðskrá stóru sláturhúsanna er kr. 572 fyrir hvert kíló.\* Meðalverðið sem greitt var í fyrra var kr. 603,7 á kíló.\*\* Útlit er því fyrir að það standi í stað eða jafnvel lækki á sama tíma og sala eykst og og framboð stendur í stað eða minnkar. Landssamtök sauðfjárbænda telja að afurðarverð sé a.m.k. fjórðungi of lágt. Nauðsynlegt er að hefja leiðréttinguna strax í haust. \*\*\*

Mikil tækifæri eru til aukinnar verðmætasköpunar í íslenskri sauðfjárrækt. Farsæl vöruþróun, hagræðing og aukin útflutningur inn á kröfuharða markaði skipta þar sköpum. Sanngjarnari skipting framleiðsluverðmætisins á milli bænda og milliliða er þó alger höfuðforsenda þess að öflug sauðfjárrækt blómstri hér á landi.

## **Leiðrétting í áföngum á þremur árum**

Landssamtök sauðfjárbænda telja ekki boðlegt að afurðarverð til bænda hér á landi sé langt undir meðaltali í Evrópu. Samtökin vilja vinna með afurðarstöðvum, sem flestar eru reyndar í eigu bænda, að því að leiðrétta skiptingu afurðarverðsins í áföngum á næstu þremur árum samkvæmt eftirfarandi tillögu:

- Haustslátrun 2014 – meðalverð: 604 kr. \*\*
- Haustslátrun 2015 – meðalverð: 677 kr.
- Haustslátrun 2016 – meðalverð: 719 kr.
- Haustslátrun 2017 – meðalverð: 762 kr.

\*Sláturfé getur fallið í meira en 30 flokka eftir aldri, kyni, gæðum, fituhlutfalli o.s.frv. Hér er miðað við flokkinn R3 sem er algengasti flokkur sláturlamba (kr. 572 pr. kg). Að auki greiða sum sláturhús tímabundið álag til að stýra því hvenær fé kemur til slátrunar. \*\*Meðaltalskilóverð að öllu þessu virtu haustið 2014 var 603,7 kr. Verð til bænda er ekki sundurgreitt eftir bitum eða hlutum lambsins. Miðað við 16,2 kg lamb fengust í fyrra að meðaltali kr. 9.780 (603,7x16,2). Þetta verð innifelur, allt kjöt, gærur, innmat o.s.frv. \*\*\*Sú leiðrétting samsvarar u.þ.b. launa- og verðlagsþróun undanfárinna mánaða og missera.


# RAMLEGÐ AF SAUÐFJÁRRÆKT Í VASA ERLENDRA KRÖFUHAFA?

[31. júlí 2015.

Ýmsir milliliðir, þ.m.t. smásöluverslunin í landinu, taka til sín vænan hluta þess sem neytendur greiða fyrir lambakjöt út í búð. Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, skrifaði grein í Fréttablaðið á dögunum vegna umræðu um verð á búvörum, einkum mjólkurvörum. Hann segir m.a.: *Fjölmargin skýrslur frá aðilum eins og Samkeppniseftirlitinu, Hagfræðistofnun og verðlagseftirliti ASÍ staðfesta að þegar kemur að álagningu og hækkunum til neytenda er verslunin mjög gróf. Þannig er lækkunum á opinberum gjöldum ekki skilað til neytenda hvort sem um er að ræða lækkun skatta, niðurfellingar tolla eða styrkingu á gengi krónunnar. Verðlagið á innlendum landbúnaðarafurðum er aftur á móti stöðugra.\**



Formaðurinn heldur áfram og talar um fákeppni á smásölumarkaði og bendir á skýrt dæmi um hækkaða álagningu í smásölu: *[S]mjör hækkaði um 5,8% í smásölu frá því í október 2013 og fram í júlí á þessu ári, en þá var engin hækkun á heildsöluverðinu.\*\** Hann heldur áfram og segir: *Í nýlegri verðkönnun Alþýðusambands Íslands kom til viðbótar fram, að á sama tíma og heildsöluverð mjólkurafurða stóð í stað, hækkuðu mjólkurvörur einna mest í verslunum Haga; 6,9% í Hagkaup og 5,4% í Bónus. Þetta eru miklu meiri hækkanir en vænta mátti í kjölfar breytinga á virðisaukaskatti og afnámi sykurskatts.\*\*\**



Ef skoðaðar eru fyrirliggjandi upplýsingar um hvernig smásöluverð á lambakjöti skiptist, sést að bændur fá til sín um 1/3 af verðinu en milliliðir um 2/3. Hér að ofan eru tvö dæmi sem Landssamtök sauðfjárbænda birtu á föstudaginn. Þótt ekki liggi að fullu fyrir hvert verðið er í viðskiptum milli sláturhúsa, kjötvinnsla og smásöluverslana sín á milli, er þó vitað hvað bændur fá og hvað neytendur greiða. Til frekari upplýsingar hækkaði smásöluverð á lambakjöti um 37,4% frá 2007 til 2014 en matur og drykkur í heild hækkaði um 63,4% samkvæmt verðmælingum.

Á þessu tímabili varð mikil breyting á eignarhaldi tveggja stærstu smásölufyrirtækja landsins. Í umfjöllun í Reykjavík vikublaði frá 19. júlí 2014 kemur fram að bæði Hagar og Kaupás eru nú að mestu í eigu sömu aðila. Þar segir: *Sjóðir í eigu og umsjón Arion banka, bankinn sjálfur og ýmsir lífeyrisjóðir og fjármálafyrirtæki eru stórir hluthafar í tveimur verslunarfyrirtækjum sem eru samanlagt með um eða yfir 80 prósentu markaðshlutdeild í smásöluverslun á höfuðborgarsvæðinu.*\*\*\*\* Annað þessara fyrirtækja, Hagar, skilaði næstum fjórum milljörðum króna í hagnað í fyrra. Hluti þess hagnaðar rennur auðvitað með einhverjum hætti í vasa eigandanna, annars vegar þeirra sem eiga íslensku lífeyrissjóðina og hins vegar til eiganda Arion banka - sem að stærstum hluta eru erlendir kröfuhafar.

\* \*\* \*\*\*Smellið hér til að sjá arein Siquræirs Sindra Siquræirssonar í Fréttablaðinu 30. júlí 2015. <http://www.visir.is/griotkast-ur-alerholl-haga/article/2015707309949>

\*\*\*\*Smellið hér til að sjá umfjöllun Revkiavíkur vikublaðs frá 19. júlí 2014. <http://fotspor.is/wordpress/wp-content/uploads/2014/07/Revkiavik-27-2014.pdf>



# FRAMSÆKINN SAUÐFJÁRSAMNINGUR

| 07. mars 2016.

Þórarinn Ingi Pétursson skrifar.



Nýlega skrifuðu bændur og stjórnvöld undir framsækinn tímamótasamning um að efla íslenska sauðfjárrækt í sátt við samfélag og náttúru þar sem sérstaða, sjálfbærni, fjölbreytni og verðmætasköpun eru höfð að leiðarljósi. Tilgangurinn með þessum greinarstúf er fyrst og fremst að útskýra hvers vegna samningurinn er framsækinn og skýra betur þá hugmyndafræði sem að baki býr. Samningurinn er sigur fyrir okkur bændur, því ekki var sjálfgefið fyrirfram að tækist að halda í horfinu varðandi áherslur og opinberan stuðning - hvað þá að sækja fram eins og raunin varð. Að vísu er vatnshalli á samningnum, framlögin lækka á samningstímanum, en hafa ber í huga að sauðfjárþænder munu fá töluvert út úr rammamóttáttum og greinin í heild verður því væntanlega betur sett þegar upp verður staðið.

Samningamenn bænda komu að borðinu í haust, netaðir með [samþykktum síðasta aðalfundar Landssamtaka sauðfjárþænder](#), m.a. um að auka vægi gæðastýringar og koma á þrepaskiptum býlisstuðningi, sérstakan grænan áherslupakka ásamt vel undirbyggðri greiningu á gildum greinarinnar og markaðstækifærum sem bíða þess að verða gripin. Óhætt er líka að fullyrða að sjaldan hafi verið unnin jafn viðamikil vinna við [stefnumörkun um markaðssókn íslenskra sauðfjárafurða](#) og á síðustu mánuðum. Að sjálfsögðu var horft til þess sem vel hefur verið gert, bæði í okkar grein, í sjávarútvegi og út um heiminn. Af hálfu ríkisins mættu menn með [viðamikla skýrslu Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri](#) upp á vasann og landbúnaðarstefnu ríkisstjórnarinnar eins og hún birtist í [stjórnarsáttmálanum](#). Síðan var fundað og niðurstaðan liggur fyrir. Sauðfjárþænder eru hvattir til að kynna sér þessi gögn og skýrslur áður en þeir gera upp hug sinn.

## Eðli opinbers stuðnings


Opinberum stuðning við landbúnað eins og hér tíðkast má gróflega skipta í tvennt. Annars vegar er greitt fyrir að sitja jörðina, hlúa að henni, búa og yrkja. Hins vegar er greitt miðað við framleiðslu. Þingreiðslur falla í fyrri flokkinn. Þær eru leifar kvótakerfis í sauðfjárrækt sem lagt var af fyrir tuttugu árum, en framleiðsla á lambakjöti hefur verið frjáls og án takmarkana síðan. Eins og kerfið er núna, er ekki gerð krafa um framleiðslu

til að fá beingreiðslur. Þær verða hins vegar lagðar niður í hægum skrefum á samningstímanum. Í staðinn koma t.d. gripagreiðslur og býlisstuðningur sem hafa svipaða virkni, þ.e. eru ekki framleiðsluhvetjandi. Framleiðslutengdu greiðslurnar í þessum samningi, gæðastýringarálagið, verða með sama hætti og þær hafa verið frá 2003, en vægi þeirra vex úr 35% í 55% á næstu tíu árum.


Ekki hefur orðið veruleg aukning á framleiðslu lambakjöts á Íslandi frá því framleiðsla og sala var gefin frjáls með afnámi kvótakerfisins á miðjum tíunda áratugnum. Eðlisbreytingar á greiðslum samkvæmt nýja samningnum miðað við framangreint eru litlar og ótti við stórkostlega offramleiðslu því ástæðulaus. Þó hefur hans orðið vart hjá bændum og því vert að benda á að settir eru ýmsir varnaglar í samninginn, ekki síst í tengslum við endurskoðunarárin 2019 og 2023. Færa má fé á milli liða og eins er sérstaklega kveðið á um viðbrögð við fjölgun fjár í grein 15.3. Að öllu þessu samanlögðu eru litlar líkur á offramleiðslu á næstu árum samkvæmt nýja samningnum og raunar minni en samkvæmt núgildandi samningi.

## Aukin verðmætasköpun

Afurðaverð til íslenskra sauðfjárbænda er með því allra lægsta sem þekktist í Evrópu eins og rakið hefur verið á [saudfe.is](http://saudfe.is), meðal annars undir yfirskriftinni [Bændur vilja sanngjarnt verð](#).



Bændur hér, sem fá um þriðjung af útsöluverði í sinn hlut, horfa til bænda annars staðar sem gera kröfu um tvo þriðju. Við vitum að vörugæðin hér eru mikil og Íslendingar standa með bændum og borða þjóðarréttinn í svo miklu mæli að það kemur þeim á heimsmetaskrár. En íslenskt lambakjöt er ódýr vara, um 37% ódýrari en meðaltals lambakjotið í ríkjum OECD.



Þetta helgast meðal annars af því stuðningskerfi sem hér hefur verið byggt upp og verið er að taka yfir á næsta stig í nýju samningnum. Á þessu hagnast íslenskir neytendur sem fá hágæða vöru á lágu verði. Þannig viljum við hafa það áfram á innanlandsmarkaði. Í þessu liggja hins vegar líka mikil útflutningstækifæri fyrir bændur. Miðað við gæði ætti íslenska kjötið að vera með því dýrasta á alþjóðlegum mörkuðum. Við höfum reyndar dæmi um einstaka sölur til útlanda á miklu hærra verði en almennt er. Áralöng vinna við markaðssetningu í Bandaríkjunum hefur skilað raunverulegum árangri. Þar má þó enn sækja fram. Að auki virðist borðleggjandi að heimfæra Whole Foods módelið upp á velmegandi Evrópuríki og sækja þar fram á svipuðum forsendum. Slík sókn gæti skilað verulegri hækkun afurðaverðs til íslenskra sauðfjárbænda. Þess vegna er ráðist í sérstakt átaksverkefni til að auka virði sauðfjárafurða í þessum samningi.

Því miður er þeir til sem ekki hafa trú á því að hægt sé að ná árangri í sölu og markaðssetningu, vilja drepa niður sauðfjárrækt á Íslandi og flytja hér allt inn. Aukin verðmætasköpun er hins vegar eina vitræna leiðin til að tryggja hér öflugna sauðfjárrækt til framtíðar. Við sauðfjárbændur viljum sækja fram og höfum trú á íslenskum landbúnaði og sauðfjárrækt eins og endurspeglast í nýju samningnum. [Sókn gagnvart erlendum ferðamönnum](#) er þegar hafin og í framhaldinu er stefnt að því að auka það hlutfall framleiðslunnar sem selt er inn á kröfuharða markaði erlendis á verði sem er samboðið íslensku lambakjöti og endurspeglar hreinleika þess og gæði.

## Auðveldari nýlinun

Þótt kvótakerfi hafi fyrir löngu verið aflagt í sauðfjárrækt hefur greiðslumarkskerfið haldið velli en það verður aflagt í litlum skrefum á samningstímanum. Enginn sem hefur fjárfest í greiðslumarki ætti að tapa á þessu, enda farið hægt og samanlagt uppsafnað útgreiðsluvirði hvers ærgildis verulega hærra en markaðsverð. Þessi breyting er meðal annars gerð til að auðvelda nýliðun þannig að opinber stuðningur gangi ekki lengur

kaupum og sölum þegar breytingarnar verða komnar í gegn. Nú þurfa þeir sem vilja hefja búskap, eða taka við búi, að kaupa jörð, vélar og bústofn, en líka að kaupa sérstaklega réttinn til þess að fá opinberan stuðning. Þetta er augljós hindrun fyrir nýliða.

Í fyrrnefndri skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri er nýliðun gerð að sérstöku umtalsefni. Þar er m.a. bent á að gripagreiðslur séu leið sem ríkið geti valið til að tryggja að nýir bændur fái sama stuðning og þeir sem þegar eru í greininni. Býlisstuðningur hefur svipaða virkni varðandi nýliðun. Jafnframt er bent á þörfina fyrir sértækar aðgerðir til að tryggja endurnýjun og lækka þroskulda. Í rammasamningi er sérstaklega tekið á nýliðunarstuðningi, auk þess sem fé er varið til Framleiðnisjóðs og þróunar búgreina, þar sem sauðfjárrækt fær tæpan helming fjárins. Allt gagnast þetta nýliðum. Í sauðfjársamningnum kemur að auki inn sérstakur fjárfestingastuðningur sem ætti að gagnast þeim sem eru að taka við búum og vilja breyta eða bæta.

Í skýrslunni sem fyrr er vísað til kemur líka fram að bætt afkoma í greininni örvi nýliðun og því ættu allar aðgerðir í þá átt, þ.m.t. metnaðarfullt átak í sölu- og markaðsmálum, að liðka fyrir því að nýtt blóð komi inn í greinina. Átak til að auka virði sauðfjárafurða er því ekki síst aðgerð til að auka nýliðun og gera framtíð greinarinnar bjartari. En það er kannski fyrst og fremst aflagning hins úrelta ærgildakerfis sem mun stuðla að áframhaldandi blómlegri sauðfjárrækt á Íslandi. Þannig verður tryggt að stuðningur ríkisins nýtist sem best starfandi bændum en leiti ekki út úr greininni, því bankastofnanir eiga ekkert með að hirða til sín hluta hins opinbera stuðnings vegna kerfislægrar villu. Þvert á móti á stuðningur hins opinbera að stuðla að áframhaldandi framþróun og bættri afkomu bænda. Með því ættu nauðsynleg kynslóðaskipti að geta orðið í sauðfjárrækt.

## **Grænn pakki**

Það er ekki sjálfgefið að íslenska þjóðin og ráðamenn vilji styðja við innlenda sauðfjárrækt. Til að svo sé verðum við sauðfjársbændur að leggja okkar af mörkum. Bændur sjá þjóðinni fyrir hreinni úrvalsvöru á góðu verði sem framleidd er á heilnæman hátt í sátt við náttúru og samfélag. Nú eru 93% dillakjötsframleiðslunnar undir hatti gæðastýringar sem er eitt öflugasta sjálfbærniverkefni sem ráðist hefur verið í hér á landi. Í þessum samningum er gæðastýringin styrkt verulega, í anda þess sem samþykkt var á síðasta aðalfundi Landssamtaka sauðfjársbænda.

Bændur eru vörslumenn landsins og gera sér skýra grein fyrir því að sjálfbær landnýting felur í sér að hver kynslóð skili landi af sér í jafn góðu eða betra ástandi en hún tók við því. Þar má hvergi slaka á. Fleiri og fleiri eru tilbúnir að borga meira fyrir náttúrulegar og sjálfbærar hágæða landbúnaðarvörur sem framleiddar eru á fjölskyldubúum. Því lagði samninganefndin fram sérstakan grænan pakka við upphaf viðræðnanna og niðurstaðan varð sú að nýtt fé fékkst til að kortleggja gróðurauðlindina á Íslandi og koma á sívirku rannsóknar-, mats- og vöktunarkerfi á landi, sem mun hjálpa til við skynsamlega beitarstjórnun og stuðla að sjálfbærni til framtíðar. Átak í nýræktun á beitarskógum og kortlagning á kolefnisfótspori íslenskrar sauðfjárræktar eru líka innan seilingar. Að því er unnið ötullega.

Sóknarfæri Íslenskrar sauðfjárræktar liggja ekki í því að framleiða meira, enda er hvergi gert ráð fyrir framleiðsluaukningu í nýju samningunum og hreinlega slegnir varnaglar við fjölgun fjár, eins og áður er vikið að. Hins vegar er gert ráð fyrir því að auka verðmæti þess sem þegar er framleitt. Mikilvægur hluti af því er að sérstaða, sjálfbærni og fjölbreytni séu höfð að leiðarljósi í íslenskri sauðfjárrækt. Hvergi má slaka á í þeirri viðleitni. Nú þegar er unnið að því að útrýma með öllu erfðabreyttu fóðri úr greininni, sjálfbær landnýting hefur verið styrkt og samstarfs leitað við fjölmarga aðila; félagasamtök, fræðimenn, ráðuneyti og stofnanir, til að gera greinina ennþá grænni og náttúrulegri.

## Af hverju stuðning við sauðfjárrækt?

Milli bænda og þjóðarinnar þarf að ríkja traust og trúnaður svo viðhalda megi hinu einstaka sambandi sauðfjárbænda og neytenda. Hluti þess felst í að bændur fari að lögum og reglum, hvort sem er innlendum eða alþjóðlegum. Fullyrða má að öll atriði nýja sauðfjársamningsins hafi verið rýnd gaumgæfilega með tilliti til þessa. Þeir eru til sem halda því fram að opinber stuðningur við sauðfjárrækt standist ekki alþjóðalög ef hluti framleiðslunnar er fluttur út. Þetta er misskilningur og engin eðlisbreyting er hvað þetta varðar í nýja samningnum miðað við þann gamla. Það hefur verið skoðað. Að auki liggur í augum uppi að ríkið myndi trauðla skrifa undir samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar ef nokkur vafi léki á lögmætinu.

Flest vestræn ríki styðja við landbúnað með einum eða öðrum hætti. Víðast er bæði beinn stuðningur í einhverri mynd og eins eru tollar eða aðrar hömlur á innflutningi búvara. Þótt áherslur og röksemdir fyrir samfélagslegum stuðningi séu mismunandi á milli landa eru þau víðast keimlík þegar betur er að gáð. Einstaka ríki eða ríkjasambönd leggja áherslu á tiltekin rök eftir aðstæðum og sögu. Rökin fyrir opinberum stuðningi við landbúnað hér á landi eru svipuð því sem víðast er annars staðar og þeim má skipta í nokkra megin flokka sem allir eiga við sauðfjárrækt:

- **Siðlegir búskaparhættir:** Íslensk sauðfjárrækt er umhverfisvæn í öllum alþjóðlegum samanburði og dýravelferð á háu stigi. Rekjanleiki er mikill, áburðarnotkun er hlutfallslega lítil, eiturefnanotkun engin og hormónagjöf bönnuð. Þá er aðeins hluti af því litla kjarnfóðri sem notað er í sauðfjárrækt með erfðabreyttu innihaldi og unnið að því að losna algerlega við það úr greininni.
- **Byggðarsjónarmið:** Sauðfjárrækt er hryggjastykkið í hinum dreifðu byggðum og allt bendir til þess að án sauðfjárræktar myndi byggð fara halloka á tilteknum svæðum. Án hennar ættu líka aðrar greinar eins og ferðamennska erfiðara uppdráttar á jaðarsvæðum.
- **Fæðuöryggi:** Allar vestrænar þjóðir leggja áherslu á fæðuöryggi, þ.e. að geta geta brauðfætt þjóðina, ekki síst ef einhvers konar ógn steðjar að. Í því er mikilvægt að eiga kjötbirgðir á fæti.
- **Matvælaöryggi:** Sýkingar og sjúkdómar ýmis konar eru sjaldgæfir í íslenskri sauðfjárrækt miðað við önnur lönd og afurðirnar eins heilnæmar og hugsast getur. Sýklalyfjagjöf í íslenskum landbúnaði er líka með því allra minnsta sem þekktist í heiminum. Ekki þarf að tíunda hversu alvarleg áhrif óhófleg lyfjagjöf getur haft á dýravelferð, lýðheilsu og umhverfi.
- **Sjálfbærni og umhverfi:** Auðveldara er að fylgjast með því að vörur séu framleiddar í sátt við náttúruna ef framleiðslan er á Íslandi og undir íslensku eftirlitskerfi. Sú tegund sjálfbærni sem

felur í sér að landi sé skilað í jafn góðu eða betra ástandi til komandi kynslóða er líka almennt viðmið í íslenskri sauðfjárrækt og ein af grunnstoðum gæðastýringarinnar.

- **Menningarleg sérstaða.** Sauðfjárrækt skipar einstakan menningarlegan sess meðal þjóðarinnar sem þarf að rækta. Lambakjöt er þjóðarrétturinn og lopapeysan þjóðarflíkin.

Þessu til viðbótar sjá íslenskir sauðfjárbændur neytendum fyrir hágæða vöru á afskaplega hagstæðu verði sem ræktuð er á náttúrulegan hátt á fjölskyldubúum. Við hjálpum þannig til við að bæta hag neytenda, spara gjaldeyri og halda verðbólgu niðri. Sauðfjárrækt, úrvinnsla, sala og framreiðsla skapa fjölmörg störf í kjötiðnaði, verslun, hönnun, handverki, ferðaþjónustu, veitingum og svo mætti áfram telja. Auk þess eru flestir sammála um að nýta ber landsins gæði af skynsemi. Það gerum við sauðfjárbændur.

Neytendur vita hvaðan lambakjötið kemur og treysta íslenskum sauðfjárbændum. Mikill meirihluti telur það skipta miklu að þjóðin geti framleitt sinn eigin mat á heilnæman máta þar sem unnið er undir ströngu regluverki og gætt að sjálfbærni og dýravelferð. Þetta traust er afskaplega mikilvægt. Sauðfjárbændur verða að standa saman og gæta að þessu fjöreggi.

## Lokaorð

Íslensk sauðfjárrækt stendur á krossgötum. Á nokkrum áratugum hefur lambakjötsneysla á mann minnkað úr 50 kílóum á ári í rúm 20, sem þó er met. Ekki er enn séð fyrir endann á þessari þróun en að meðaltali neytir hver jarðarbúi ekki nema eins til tveggja kílóa af lambakjöti á ári. Gríðarleg fjölgun erlendra ferðamanna á Íslandi og hugarfarsbreyting um allan hinn vestræna heim, í átt til aukinnar neyslu á lífrænum, sjálfbærum og heilnæmum mat, opna hins vegar margar dyr sem áður voru lokaðar. Íslensk sauðfjárrækt stendur á þröskuldi mikilla tækifæra. Hvort við nýtum þau er undir okkur sjálfum komið. Ég sjálfur, samninganefnd bænda og forysta sauðfjárbænda, veljum þann kost að blása til sóknar og nýta þau tækifæri sem blasa við.

Þeir sem vilja ganga að sauðfjárræktinni dauðri gera nú ítrekaðar tilraunir til að eyðileggja málstað okkar bænda og reka fleyg á milli okkar og neytenda. Oft leita þeir viðhlæjenda á ólíklegustu stöðum. Innhaldslaugar upphrópanir lýsa oft algeru skilningsleysi á eðli greinarinnar, samningaferlinu og framtíðarmöguleikum íslenskrar sauðfjárræktar. Hér fyrir neðan eru tenglar á sauðfjársamninginn, rammamninginn og fyrrnefndar skýrslur sem eru að hluta til grundvöllur samninganna. Þetta er gott vegfesti fyrir alla inn í umræður um nýjan sauðfjársamning.

Aldrei hafa búvörusamningar verið unnir í jafn opnu ferli og nú. Aldrei fyrr hefur verið stoppað á miðri leið til að kynna bændum stöðu mála á opnum fundum, setjast niður með stjórnámálönnum og fulltrúum launþega- eða neytenda. Aldrei fyrr hafa samningar verið gerðir undir dynjandi hljómfalli umræðu á samfélagsmiðlum. Á fjörlegum aukaaðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda í lok nóvember var staðan og samningaferlið rætt ítarlega. [Niðurstaðan var ályktun](#) sem fól í sér að halda samningaferlinu áfram en reyna jafnframt að ná fram breytingum sem myndu skapa meiri sátt um samninginn og fá viðbótarfé inn í hann. Samninganefnd bænda fór með

Þessa ályktun í farteskinu inn á næsta fund og náði sumu fram en öðru ekki. Niðurstaðan varð sá framsækni samningur sem nú liggur á borðinu.

Þessa dagana eru aðildarfélög Landssamtaka sauðfjárnænda að halda aðalfundi sína eitt af öðru. Þar er tækifæri fyrir bændur að hlýða á framkvæmdastjóra, formann og aðra stjórnarmenn fara yfir ýmislegt í þessu ferli. Að auki er nú að hefjast fundaherferð um allt land þar sem innihald nýju búvörusamninganna er kynnt ítarlega. Undirritaður hvetur alla sauðfjárnændur til að sækja þessa fundi og kynna sér hvað í nýju samningunum felst í raun og veru.

Í nýja samningnum honum felast vissulega miklar breytingar. Beingreiðslur hverfa á níu árum en í staðinn koma býlisstuðningur, gripagreiðslur og aukin áhersla á gæðastýringu. Mikil áhersla er í samningnum á nýliðun, byggðafestu, sjálfbærni og græn verkefni. Rekstrarumhverfi greinarinnar er styrkt með því að gera samning til tíu ára og fá inn nýtt fé til að auka virði sauðfjárafurða í átaksverkefni sem byggir á því að draga fram styrkleika og sérstöðu íslenskrar sauðfjárræktar. Í því felast gríðarleg tækifæri. Sauðfjárnændur eru stoltir af því að geta boðið einstaka vöru af hæsta gæðaflokki sem framleidd er í sátt við samfélag og náttúru. Bæði neytendur og bændur munu hagnast á þessum samningi. Við bændur eigum að bera höfuðið hátt og axla af festu þá ábyrgð sem á okkur er lögð. Það er okkar að skila blómlegri íslenskri sauðfjárrækt til næstu kynslóðar. Önnur framtíðarsýn hugnast mér ekki.

Þórarinn Ingi Pétursson

Formaður Landssamtaka sauðfjárnænda

Ítarefni:

Fundargerð

aðalfundur: [http://saudfe.is/images/stories/adalfundur2015/2015\\_Adalfundur\\_LS\\_fundargerd.pdf](http://saudfe.is/images/stories/adalfundur2015/2015_Adalfundur_LS_fundargerd.pdf)

Kom

skýrslan: [http://saudfe.is/images/Stefnum%C3%B6rkun\\_og\\_marka%C3%B0ss%C3%B3kn\\_%C3%ADslenskra\\_sau%C3%B0fi%C3%A1rafur%C3%B0a\\_-\\_KOM\\_r%C3%A1%C3%B0qi%C3%B6f.pdf](http://saudfe.is/images/Stefnum%C3%B6rkun_og_marka%C3%B0ss%C3%B3kn_%C3%ADslenskra_sau%C3%B0fi%C3%A1rafur%C3%B0a_-_KOM_r%C3%A1%C3%B0qi%C3%B6f.pdf)

RHA markmið og forsendur

sauðfjársamnings: [http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2015/markmid\\_forsendur\\_saudfjarsamnings\\_rha\\_2015.pdf](http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2015/markmid_forsendur_saudfjarsamnings_rha_2015.pdf)

RHA: Samfélagsleg þýðing sauðfjárnænda.

[http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2015/saudfjarraekt\\_rha-loka-br\\_300315.pdf](http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2015/saudfjarraekt_rha-loka-br_300315.pdf)

Stjórnarsáttmálinn:

<http://www.stjornarrad.is/Stefnuvirlising/>

Ályktun aukaaðalfundar 27. nóv. 2015:

<http://saudfe.is/frettir/2245-fj%C3%B6ls%C3%B3ttur-fundur-%C3%A1lyktar-um-samninga.html>

Bændur vilja sanngjarnt verð:

<http://saudfe.is/frettir/2189-sau%C3%B0fj%C3%A1rb%C3%A6ndur-vilja-sanngjarnt-ver%C3%B0.html>

Nýtt upprunamerki:


<http://saudfe.is/frettir/2247-n%C3%BDtt-upprunamerki-fyrir-lambakj%C3%B6t-og-ull.html>



# 8% ÁRLEG VERÐMÆTAAUKNING ÚTFLUTNINGS AÐ MEÐALTALI

| 21. mars 2016.

Útflutningur á lamba- og kindakjöti hefur verið sveiflukenndur síðustu ár og vaxið eða dregist saman um tugi prósentu frá ári til árs. Árið 2010 var besta árið á tímabilinu frá 2001 til 2015. Á kvarðanum vinstra megin á Mynd 1 má sjá hversu mörg tonn voru flutt út árlega á tímabilinu. Útflutningurinn náði hámarki árið 2010 en hefur þó verið töluverður síðustu ár, miðað við árin fyrir hrun. Kvarðinn hægra megin sýnir prósentubreytingar á magni frá ári til árs.



## Sveiflukenndur

Stærsti hluti útflutningsins er inn á sveiflukennda heimsmarkaði þar sem kjötið er ekki selt sérstaklega sem íslenskt. Almennt séð fæst hærra verð fyrir ferskt kjöt en frosið og sé kjötið selt sérstaklega sem íslenskt, eins og t.d. til bandarísku Whole Foods verslunarkeðjunnar eða erlendra veitingastaða, fæst mun hærra verð en ella. Verð á slíkum sérmörkuðum er að auki ekki nærri eins sveiflukennt og á opnum heimsmarkaði með kjöt. Fyrirhugað markaðsátak til að auka virði sauðfjárafurða miðar m.a. að því að koma stærri hluta kjötsins inn á kröfuharðari markaði þar sem fæst hærra verð.

## heimsmarkaður

## Erfiðleikar

Hið sama gildir um heimsmarkað með gærur, innmat, hausa og aðrar hliðarafurðir eins og almennan heimsmarkað með kjöt, þ.e.a.s. að verð og eftirspurn gengur mjög í sveiflum. Nú um stundir gengur t.d. afar illa að selja hausa, moka og gærur eru í lægð og hliðarafurðamarkaðir almennt erfiðir. Nærri fer að hægt sé að tala um algert hrun varðandi sumar afurðir. Þar er t.d. um að kenna ófriðarástandi í Miðausturlöndum, erfiðleikum í Afríku, vandræðum með að koma vörum inn á Kínamarkað og fleirum slíkum þáttum. Von er að ræstist úr Kínamarkaði þegar sauðfjárlhuti samnings um


## með

## aukaafurðir

fríverslun milli Íslands og Kína kemur til framkvæmdar, sem vonandi verður seinna á þessu ári.

## Verð á kjöti hefur hækkað

Á sama tíma og verð á hliðarafurðum hefur lækkað mikið og útflutningur á kjöti dregist saman hefur útflutningsverð á hvert kíló hins vegar verið að færast upp á við. Árið 2015 minnkaði útflutt magn um 15% en verðið hækkaði um 21%. Á Mynd 2 má greinilega sjá áhrif sveiflukennds heimsmarkaðar á verð á íslensku lamba- og kindakjöti í útflutningi. Líklegt er að stigvaxandi sala til Bandaríkjanna síðustu ár, sem náði hámarki í fyrra þegar salan fór í fyrsta skipti yfir 200 tonn, sem og sala til Spánar eftir hlé vegna efnahagskreppu þar ytra spili inn í. Sala til Noregs er líka mikilvæg og gengissveiflur hafa eitthvert skýringargildi. En það virðist fyrst og fremst vera aukin sala á kjöti sem sérstaklega íslensku sem drífur þessar hækkunir á skilaverði. Mun minni sala í tonnum talið ásamt alls kyns kerfislægum veilum gerir það hins vegar að verkum að hækkunin skilar sér illa til bænda.




## Smásöluverð heldur ekki í við verðbólgu

Afurðaverð til íslenskra sauðfjárbænda ræðst af söluverði á innanlandsmarkaði og útflutningsverði á kjöti og hliðarafurðum. Uppsöfnuð hækkun á smásöluverði innanlands á lambakjöti frá 2008 til 2015 var 43,17% en uppsöfnuð hækkun vísitölu neysluverðs á sama tímabili var 78,50%. Þetta sýnir að mikið vantar upp á að hækkun á kjötverðinu haldi í við verðbólgu innanlands. Verð á lambakjöti, og raunar öðrum íslenskum landbúnaðarafurðum, hefur þannig augljóslega átt þátt í að halda aftur af verðbólgu innanlands. Að auki hafa Landssamtök sauðfjárbænda bent á að hlutur bænda af endanlegu útsöluverði hér er rýr og [skipting þess getur varla talist sanngjörn](#), einkum í samanburði við nágrannalöndin og í ljósi þess að íslenskur smásölumarkaður, sem ber sterk merki fákeppni samkvæmt Samkeppniseftirlitinu, skilar eigendum

verslunarfyrirtækja mun meiru í aðra hönd en eigendum sambærilegra fyrirtækja í öðrum löndum eins og [Bændasamtökin hafa bent á](#).

**Hækkun afurðarverðs til bænda að meðaltali um 8% á ári** Þrátt fyrir litlar hækkunir í smásölu og ósanngjarna skiptingu kókunnar hefur afurðaverð til bænda hækkað töluvert undanfarin ár eins og sjá má á Mynd 3 og er þessi hækkun um 89% frá árinu 2007 til 2015, sem er töluvert umfram verðbólgu. Að meðaltali hefur afurðarverð til bænda hækkað um 7,97% á þessu níu ára tímabili, þrátt fyrir að lítil sem engin hækkun hafi orðið á síðustu tveimur árum. Ljóst er að þessi hækkun til bænda stafar einkum frá útflutningi þótt hagræðing sláturhúsa skipti líka miklu máli. Ef verð á lambakjöti réðist eingöngu af smásöluverði innanlands má áætla að meðal afurðaverð til bænda væri um 460 krónur á kg en ekki um 600 krónur eins og var í haust. Það er því ljóst að útflutningur skiptir sauðfjorbændur miklu máli.



Athugasemd: Ekki hefur verið tekið tillit til kjötflokkunar 2015 eins og gert er hin árin en hún getur haft smávægileg áhrif á meðalafurðaverð til bænda.

## Raunhækkunin

**2,25%**

Í nýgerðum sauðfjársamningi er lagður grunnur að sérstöku þriggja ára átaki undir heitinu Aukið virði sauðfjárafurða. Fyrsti hluti þessa verkefnis, sem snýr að því að kynna íslenskar sauðfjárafurðir, kjöt, lopa, gærur o.s.frv. fyrir erlendum ferðamönnum, [er þegar hafinn](#). Þar er gert ráð fyrir 2,5% hækkun afurðaverðs. Náist það markmið ekki koma til sérstök rauð strik sem hugsuð eru til þess að hægja á eða jafnvel stöðva algerlega um tíma niðurtröppun á greiðslumarki sem á að hverfa á samningstímanum. Undirbúningur átaksins er komin vel á veg og til þess eru eyrnamerkir fjármunir í samningnum, en það var ein af kröfum samninganefndarinnar að nýtt fé kæmi inn til þessa verkefnis og náðist það í gegn. Fyrrgreind afurðaverðshækkun frá 2007 til 2015 gefur vonir um að þetta markmið náist, jafnvel þótt lítil sem engin hækkun hafi skilað sér til bænda síðustu tvö ár. Þegar meðaltals ársverðbólga á fyrrgreindu tímabili er skoðuð sést að hún er minni en afurðaverðshækkun til sauðfjorbænda, jafnvel þótt hin mögru ár 2014 og 2015 séu tekin með í reikninginn. Munurinn á 7,97% afurðaverðshækkun að meðaltali og 5,72% meðaltalsverðbólgu er 2,25%, sem er þá árleg raun verðhækkun til bænda að meðaltali á tímabilinu eins og sýnt er á Mynd 4.

Mynd 4: Hækkun afurðaverðs til bænda og verðbólga 2007 til 2015

